

21 samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skips-
8. apríl höfninni skipunina og er það jafn gilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renni í hafnarsjóð Hólmavíkur.

31. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þess er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

22

14. apríl

S A M Þ Y K K T

um einkasíma Bakásabúa og Svinvetninga í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til síma til allra bæja á vegasvæði Svinvetningabrautar inn að Syðri-Langamýri í Blöndudal og til rafstöðvarinnar við Sauðanes, enda skal síma-kerfinu eða skiptingu þess hagað eftir tillögum landssímastjórnarinnar.

Einkasímar þeir og landssímar, sem þegar eru lagðir á þessu svæði, falla inn í einkasímakerfið jafnframt og það er lagt, enda teljist lagningarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar kerfisins, nema annað verði að samkomulagi.

2. gr.

Gerð símakerfisins og fyrirkomulag skal vera samkvæmt tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Símakerfið skal leggja, þegar unnt er að fá framlög til þess frá landssímanum samkv. lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum.

Rétt er að einstakir hlutar kerfisins, hvort sem er til eins bæjar eða húss eða fleiri bæja í félagi, og hvort sem lagt er frá Blönduósi eða einhverri landssímastöð á svæðinu, verði lagðir fyrir en heildarkerfið er lagt, ef $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra manna á því takmarkaða svæði óskar.

Skal lagning slikra einstakra hluta kerfisins hagað þannig, að þeir falli inn í heildarkerfið, er það verður lagt, enda beri félagsmenn á því svæði, er kerfishlutinn fær, allan kostnað félagsins af lagningu hans þar til heildarkerfið er lagt.

4. gr.

Afgreiðslur á síma sínum, svo og viðhald innanhúss, annast hver húsbóndi á símasvæðinu, sem síma hefir, á sinn kostnað. Hann annast einnig bráðabirgðaviðgerðir á símanum innan takmarka ábúðarjarðar sinnar.

5. gr.

22

Allir þeir menn, sem gjaldskyldir eru samkvæmt 7. gr., skipa félag er nefnist Einkasímafélag Bakásabúa og Svinvetninga. 14. apríl

6. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund síðla vetrar. Á fundi þeim, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kys aðalfundur menn í stað þess, sem úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningunum skal jafnan sent póst- og símamálastjórninni að loknum aðalfundi.

7. gr.

Kostnaðurinn við lagningu símans, að því leyti, sem landssíminn leggur hann ekki fram, skal greiða þannig:

- a. Verkfærir menn, sem búsettir eru á svæðinu, leggi fram vinnu við lagningu símans eftir fyrirmælum einkasímafélagsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3 dagsverk hver.
- b. Rafveita Austur-Húnavatnssýslu greiði $\frac{2}{3}$ af heildarkostnaði við símalínu þá, sem þegar er lögð í stöðvarhúsið.
- c. Sveitarsjóðir Torfalækjar og Svinavatnshrepps leggja fram $\frac{1}{3}$ þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur samkv. áðursögðu og skiptist sá kostnaður milli þeirra, eftir þátttöku íbúa þeirra hvers fyrir sig, samkvæmt d. lið.
- d. Eftirstöðvar kostnaðarins greiða eigendur þeirra fasteigna á svæðinu, er síma hafa, samkvæmt niðurlögunum eftir fasteignamati.

Rétt eiga fasteignaeigendur til að fá árlega 8% í vöxtu, af framlögðum stofnkostnaði við símann, frá leiguliðum sínum.

8. gr.

Einkasímafélagið stofnar sjóð og skal úr honum greiða allan kostnað við viðhald og endurnýjun einkasímalínanna, sbr. þó 4. gr. Stjórn símafélagsins sér um viðhaldið. Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt gjald af hverju talsímateki á einkasímalínunni, eftir ákvörðun aðalfundar í samráði við landssímastjóra. Stjórn félagsins innheimtir gjöld þessi. Auk þessa gjalds greiðir hver símanotandi hið árlega tengigjald til landssímans.

9. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu svo og sveitarstjórn Torfalækjar og Svinavatnshrepps ábyrgist starfrækslu einkasímans, eftir því sem póst- og símamálastjóri mælir fyrir um, svo og að línunum sé að öllu leyti vel við haldið.

10. gr.

Stjórn einkasímafélagsins ber ábyrgð á skilvisri greiðslu félagsmanna á tengigjöldum þeirra, símagjöldum til stöðvarstjóra landssímans svo og öðrum greiðslum til landssímans fyrir framkvæmdar viðgerðir og viðhald.

Gjöldum til einkasímans fylgir lögtaksréttur.

11. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varðar sektum allt að kr. 200.00, er renna í sveitar-sjóð, þar sem brotið er framið.

- 22** Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Póst- og símamálastjórnin, 14. apríl 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur Hlíðdal.

23

REIKNINGUR

fyrir minnisvarðasjóð Hannesar Hafstein árið 1936.

Upprunalegur höfuðstóll:	
Peningar	kr. 311.82
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðum 1933—1936	— 54.03
Höfuðstóllinn í árslok 1936:	
Bankainnstæða	— 365.85

Forsætisráðherrann, 31. marz 1937.

Hermann Jónasson.